

Útboð

Skólamálsverðir í grunn- og leikskólum Garðabæjar 2022-2025



0	ÚTBOÐSLÝSING.....	5
0.1	Almennt um útboðið.....	5
0.1.1	Almennar upplýsingar um verkið	5
0.1.2	Umsjónaraðili útboðsins	5
0.1.3	Útboðsyfirlit	5
0.1.4	Samningi skipt í hluta.....	5
0.1.5	Útboðsgögn.....	6
0.1.6	Tungumál.....	6
0.2	Almennir útboðsskilmálar	6
0.2.1	Lög og reglugerðir	6
0.2.2	Samskipti á tilboðstíma og fyrirspurnir	6
0.2.3	Vettvangsskoðun.....	6
0.2.4	Afhending tilboða.....	7
0.2.5	Tilboð - framsetning og frágangur	7
0.2.6	Fylgigögn með tilboði.....	7
0.2.7	Afturköllun tilboða	7
0.2.8	Framlenging á gildistíma tilboða.....	7
0.2.9	Opnun tilboða.....	7
0.2.10	Frávísun tilboða.....	7
0.2.11	Tilkynning um val tilboðs og biðtími.....	7
0.2.12	Samþykki tilboðs eða höfnun tilboðs.....	8
0.2.13	Undirverktaka	8
0.2.14	Almennir fyrirvarar	8
0.2.15	Fyrirvari um óvirkni samnings og bótaskyldu verkkaupa	8
0.2.16	Persónuvernd	8
0.2.17	Trúnaður.....	9
0.2.18	Leiðbeiningar um kæruleiðir	9
0.3	Kröfur til bjóðanda	10
0.3.1	Byggt á getu annarra.....	10
0.3.2	Útilokunarástæður bjóðanda.....	10
0.3.4	Fyrirtæki	10
0.3.5	Fjárhagsstaða bjóðanda.....	11
0.3.6	Opinber gjöld	11
0.3.7	Umhverfismál	11
0.3.8	Faglegar upplýsingar frá bjóðenda.....	12
0.3.9	Faglegar kröfur til bjóðenda.....	13
0.3.10	Áskilnaður um frekari upplýsingar um hæfi á síðari stigum	13
0.4	Valforsendur og val á tilboðum	13
0.5	Frávikstilboð.....	13
1	VERKLÝSING.....	14
1.1	Almennt.....	14
1.2	Verkefnið	14
1.2.1	Skólarnir	14
1.3	Aðstaða	14
1.3.1	Matsalir	15
1.4	Hádegisverðartími	15
1.5	Umfang.....	16
1.6	Prif.....	16
1.7	Framreiðsla	16
1.8	Meðferð matvæla.....	16

Efnisyfirlit

Bls.

1.9	Fatnaður starfsfólks og hreinlæti	17
1.10	Innra eftirlit	17
1.11	Umhverfisjónarmið	17
1.12	Samsetning fæðunnar	18
1.13	Aðrar veitingar.....	18
1.14	Áskriftarkerfi - geiðslur	18
1.15	Starfsdagar og vettvangsferðir skólanna.....	19
1.16	Starfsmannahald	19
1.17	Breytingar verkefna og ný verkefni	19
1.18	Eftirlit og þjónustukannanir	19
1.19	Samráðsfundir.....	20
1.20	Notkun mótuneyta	20
1.21	Sorphirða	20
1.22	Skil á aðstöðu og búnaði	20
1.23	Tilboðsblöð.....	20
2	SAMNINGSSKILMÁLAR	21
2.1	Samningur	21
2.2	Samningstími	21
2.3	Samskipti á samningstíma.....	21
2.4	Öryggi á vinnustað og heilbrigðismál.....	21
2.5	Greiðslur	21
2.6	Verðbætur.....	21
2.7	Vanefndir og uppsögn samnings	21
2.8	Starfskjör	22
2.9	Endurskoðunarákvæði - breytingar á samningstíma	22
2.10	Ábyrgð og tryggingar.....	22
2.11	Framsal á réttindum og skyldum	22
2.12	Ágreiningsmál	22
3	TILBOÐSBLÖÐ	23
4	VIÐAUKI I - ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM BJÓÐANDA	27
5	VIÐAUKI II - LISTI YFIR TÆKI OG ÁHÖLD SEM VERÐA Í ELDHÚSUM SKÓLANNA	28
6	VIÐAUKI III - DRÖG AÐ VERKSAMNINGI.....	33
7	VIÐAUKU IV - SKÓLADAGATAL GARÐASKÓLA 2021-2022	35

0 Útboðslýsing

0.1 Almenn um útboðið

0.1.1 Almennar upplýsingar um verkið

Garðabær óskar eftir tilboðum í framleiðslu og framreiðslu á mat fyrir grunn- og leikskóla í Garðabæ. Verkefnið felst í því að framleiða skólamálsverði í mötuneytum Flataskóla, Hofstaðaskóla, Sjúlandskóla, Álftanesskóla, Urriðaholtsskóla og leikskóla, Garðaskóla og leikskólunum Mánahvol, Sunnuhvol og Bæjarból. Matinn þarf að afhenda á tilteknum tíma og framreiða ásamt samantekt (uppvaski) og frágangi að máltíð lokinni.

Markmið með rekstri mötuneyta í grunn- og leikskólum Garðabæjar er að bjóða upp á heilsusamlegan og fjölbreyttan matseðil sem fylgir ráðleggingum um mataræði og næringargildi sem finna má í handbók Landlæknisembættisins um grunnskólamötuneyti (5. útg. 2020) og handbók fyrir leikskólaeldhús (3.útg 2018). Bjóðandi skal gera ráð fyrir að þurfa að bjóða upp á sérþæði fyrir nemendur sem af heilsufarslegum ástæðum gætu þurft á slíku sérþæði að halda svo sem vegna ofnæmis eða efnaskiptasjúkdóma.

Markmiðið með útboðinu er að tryggja sem lægst vöruverð samfara gæðum og góðri þjónustu en um leið að tryggja að fjölbreytileiki og hollusta í samsetningu matvæla uppfylli fjölbreyttar þarfir/kröfur viðskiptavina í hverju mötuneyti fyrir sig.

Verk þetta nefnist: „Skólamálsverðir í grunn- og leikskólum Garðabæjar 2022-2025“.

0.1.2 Umsjónaraðili útboðsins

Garðabær

kt. 570169-6109,

Garðatorgi 7, 210 Garðabæ

Tengiliður vegna útboðsins: Strendingur ehf. verkfræðiþjónusta, Sigurður Guðmundsson

Netfang: strendingur@strendingur.is

0.1.3 Útboðsyfirlit

Vettvangsskoðun:	11. maí 2022 kl 13:00
Fyrirspurnartíma lýkur:	18. maí 2022.
Svarfrestur vegna fyrirspurna rennur út:	21. maí 2022.
Tilboðsfrestur:	27. maí 2022 kl. [14:00].
Opnunartími tilboða:	27. maí 2022 kl. [14:00].
Samningstími:	3 ár
Gildistími tilboðs/ frestur til að taka tilboði	[8. vikur].
Samningur tekur gildi:	Við undirritun samnings
Verðlagsgrundvöllur:	Verkið verðbætist skv kafla 2.6
Frávikstilboð:	Ekki heimil.

0.1.4 Samningi skipt í hluta

Útboðinu er skipt upp í 9 hluta þar sem bjóðendum er heimilt að bjóða í eins marga hluta og hann kýs. Hver stofnun er einn hluti. Engin mörk eru sett um fjölda hluta innan eins samnings.

0.1.5 Útboðsgögn

Útboðsgögn verða eingöngu birt á útboðsvef Garðabæjar (www.gardabaer.is/umhverfi/byggingarmal-og-framkvaemdir/utbod/utbod-i-auglysinu/) þar sem nafn og netfang þess sem sækir gögnin er skráð.

Útboðsgögn samanstanda af:

- Útboðs- og verklýsing
- Tilboðsblað/blöð
- Fyrirspurnir og svör á tilboðstíma
- Viðauki I: Almennar upplýsingar um bjóðanda
- Viðauki II: Listi yfir tæki í mötuneyti og eldhúsi
- Viðauki III: Samningsdrög
- Skóladagatal Garðaskóla, sett fram til upplýsinga en dagatöl eru breytilega milli skóla hvað varðar frídaga.
- ÍST 30 og lög og reglugerðir sem vísað er til í ofangreindum gögnum. Bjóðandi skal útvega sér sjálfur þau gögn sem talið er upp í þessum lið.
- Ráðleggingar Landlæknisembættisins sem birtar eru á <http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/naering/>. Þar eru handbækur um grunnskólamötuneyti (5. útg. 2020) og fyrir leikskólaeldhús (3.útg 2018).

Öll fylgiskjöl og viðaukar sem vísað er til í þessum útboðsgögnum eru hluti útboðsgagna og með tilboði samþykkir bjóðandi alla útboðs- og samningskilmála þessa.

Bjóðendur skulu gera tilboð í verkið á þeim grundvelli að útboðsgögn gefi upplýsingar um allt sem máli skiptir við gerð tilboðs.

0.1.6 Tungumál

Tilboðum og umbeðnum fylgiskjölum skal skilað á íslensku.

0.2 Almennir útboðsskilmálar

0.2.1 Lög og reglugerðir

Um útboð þetta gilda ákvæði laga nr. 120/2016 um opinber innkaup („OIL“), og reglugerðir á grundvelli laganna. Stangist texti útboðsgagna á við lögin, vikur textinn. Lög um opinber innkaup má nálgast á heimasíðu Alþingis á slóðinni: <https://www.althingi.is/lagasafn>

0.2.2 Samskipti á tilboðstíma og fyrirspurnir

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum, hann verði var við ósamræmi í þeim eða hafi athugasemdir við gögnin, skal hann senda skriflega fyrirspurn eða athugasemd á netfangið strendingur@strendingur.is merkt: „Skólamálsverðir í grunn- og leikskólum Garðabæjar 2022-2025 “ eigi síðar en á þeim degi sem gefinn er upp í kafla 0.1.3 *Útboðsyfirlit*.

Allar fyrirspurnir og svör við þeim, svo og mögulegar viðbætur við útboðsgögn, verða birt á útboðsvef Garðabæjar eigi síðar en fram kemur í kafla 0.1.3. Bjóðendum ber að tryggja að þeir séu réttilega skráðir inn á útboðsvefinn vegna mögulegra samskipta á tilboðstíma.

Öll samskipti við bjóðendur á tilboðstíma varðandi útboð þetta fara fram í gegnum útboðsvefinn. Víki bjóðendur frá þessu eiga þeir á hættu að tilboði þeirra verði vísað frá.

0.2.3 Vettvangsskoðun

Vettvangsskoðun fer fram í skólunum þann dag sem lýst er í kafla 0.1.3. Skoðun fer fram í þeirri röð sem hér er nefnt Urriðaholtsskóli, Hofsstáðaskóli, Flataskóli, Garðaskóli, Sjálandsskóli, Álftanesskóli

Leikskólanum Mánahvol, Leikskólanum Sunnuhvol og Leikskólann Bæjarból. Tilkynna skal þátttöku í tölvupósti (utbod@gardabaer.is) eigi síðar en kvöldið áður en vettvangsskoðun fer fram.

0.2.4 Afhending tilboða

Tilboði skal skilað í lokuðu umslagi merkt „Skólamálsverðir fyrir grunn- og leikskóla Garðabæjar“ fyrir þann tíma sem skilgreindur er í kafla 0.1.3 *Útboðsýfirlit*. Þjóðandi skal skila tilboði í þjónustuver Garðabæjar, Garðatorgi 7. Tilboð telst skuldbindandi þegar tilboðsfrestur rennur út.

0.2.5 Tilboð - framsetning og frágangur

Tilboð skal sett fram samkvæmt meðfylgjandi tilboðsblöðum í samræmi við skilmála þessa.

Þjóðandi skal í tilboði tilgreina skýrt og greinilega hvaða lögaðili/lögpersóna er þjóðandi og þar með ábyrgur fyrir innkaupum gagnvart verkkaupa. Í tilboði skal einnig koma fram hvaða aðili innan fyrirtækisins beri ábyrgð á samskiptum vegna tilboðsins. Tilboð skal vera lagt fram af aðila innan fyrirtækisins sem hefur heimild til að skuldbinda það skv. lögum og skipulagi fyrirtækisins.

Sé misræmi á milli einingarverðs og heildarverðs, gildir einingarverðið.

0.2.6 Fylgigögn með tilboði

Í útboðsgögnum þessum er tilgreint hvaða gögnum og upplýsingum þjóðendur skulu skila inn með tilboði sínu og skal umbeðnum gögnum og upplýsingum skilað í samræmi við þau fyrirmæli.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kalla eftir öðrum upplýsingum ef þörf er talin á.

0.2.7 Afturköllun tilboða

Þjóðandi getur afturkallað tilboð sitt áður en tilboðsfrestur rennur út, enda sé það gert skriflega eða með öðrum jafntryggum hætti.

0.2.8 Framlenging á gildistíma tilboða

Þegar verkkaupa er ekki unnt að taka afstöðu til tilboða innan tilboðsfrests er heimilt að óska eftir því að þjóðendur framlengi tilboð sín í stuttan tíma. Skilyrði framlengingar er að fyrir liggja samþykki allra þátttakenda eða að málefnalegar ástæður réttlæti framlengingu. Með sama skilyrði er heimilt að óska eftir því, eftir að tilboðsfrestur hefur runnið út, að þjóðendur lýsi því yfir að tilboð þeirra séu gild að nýju, þó aðeins í mjög stuttan tíma.

0.2.9 Opnun tilboða

Tilboðum skal skilað í þjónustuver Garðabæjar, Garðatorgi 7 og verða þar opnuð í viðurvist þeirra þjóðenda sem þess óska.

Eftir að tilboð eru opnuð verður opnunarskýrsla send þjóðendum í samræmi við 65. gr. OIL.

Ekki er tekið við tilboðum eftir að tilboðsfresti lýkur, hvorki með rafrænum hætti né bréflega.

Framsetning opnunarskýrslu skv. 65. gr. OIL er með þeim fyrirvara að ekki hefur verið tekin afstaða til gildis tilboða og mat á þeim á eftir að fara fram.

0.2.10 Frávísun tilboða

Verkkaupi áskilur sér rétt til að vísa frá óskýrum tilboðum sem hafa ekki að geyma þær upplýsingar sem krafist er í útboðsgögnum.

0.2.11 Tilkynning um val tilboðs og biðtími

Óheimilt er að gera samning í kjölfar ákvörðunar um val tilboðs fyrr en að liðnum lögmæltum biðtíma, sbr. 86. gr. OIL frá deginum eftir að tilkynning skv. 1. og 2. mgr. 85. gr. telst birt.

Tilboð verður samþykkt endanlega með skriflegum hætti innan gildistíma þess, sbr. skilmála útboðs, og er þá kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs þjóðanda.

0.2.12 Samþykki tilboðs eða höfnun tilboðs

Verkkaupi mun samþykkja hagstæðustu gildu tilboðin samkvæmt valforsendum útboðsskilmála, sbr. nánar kafla 0.4.

Þar til búið er að gera endanlegan samning er verkkaupa heimilt að hætta við útboðið á grundvelli málefnanlegra ástæðna, sbr. 83. gr. OIL. Ástæður geta t.d. verið þær að engin gild tilboð bárust eða tilboð eru óaðgengileg vegna þess að þau eru yfir kostnaðaráætlun eða fjárheimildum verkkaupa.

0.2.13 Undirverktaka.

Undirverktaka er heimil. Þjóðandi skal upplýsa verkkaupa í tilboði hvaða undirverktaka hann hyggst nota og leita samþykkis verkkaupa áður en undirverktaki hefur störf. Þjóðandi ber fulla ábyrgð á því að undirverktaki skili verkefni í samræmi við útboðsskilmála. Verði breytingar á vali á undirverktaka á samningstíma gildir það sama.

Komi tilboð til álitu er verkkaupa heimilt að krefjast þess að þjóðandi leggi einnig fram hæfislýsingu skv. 73. gr. OIL fyrir undirverktaka og síðar ef breyting verður varðandi undirverktaka á samningstíma. Ef útilokunarástæður skv. 68. gr. OIL eiga við um undirverktaka er þjóðanda skylt að útvega nýjan undirverktaka í hans stað. Sama á við ef undirverktaki uppfyllir ekki kröfur um tæknilegt hæfi varðandi þann samningsþátt sem honum er falinn.

Undirverktaka skal í öllum tilvikum byggjast á skriflegum samningi og skal þjóðandi skila yfirlýsingu/staðfestingu viðkomandi undirverktaka þar um komi til tilboðið til álitu.

0.2.14 Almennir fyrirvarar

Útboðs- og samningsgögn þessi gilda varðandi verkefnið. Upplýsingar sem verkkaupi kann að hafa veitt varðandi fyrirhugaðan samning, áður en útboð var auglýst, hafa enga þýðingu. Verktakar geta ekki byggt rétt á þeim gagnvart verkkaupa.

Verkkaupi getur hætt við kaup uns bindandi samningur er kominn á. Ástæður geta m.a. verið að þarfir verkkaupa hafa breyst, ný tækni kallar á aðrar lausnir en útboðsgögn gera ráð fyrir eða ófyrirsjáanleg útgjöld verkkaupa gera honum ókleift að framkvæma verkefnið.

Komi í ljós skömmu fyrir lok tilboðsfrests að gera þarf stórvægilegar breytingar á útboðsgögnum sem ekki rúmast innan marka 90. gr. OIL, áskilur verkkaupi sér rétt til að hætta við útboð bótalaust og auglýsa útboðið að nýju.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum frá þjóðanda sem hefur gerst sekur um mútur, ólöglegt samráð eða brot gegn samkeppnislögum. Komi í ljós að verktaki hefur hlotið samning með slíkum hætti, áskilur verkkaupi sér rétt til skaðabóta.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum frá þjóðanda þegar verulegir eða viðvarandi annmarkar hafa verið á framkvæmd fyrirtækis hans á efnislegum kröfum samkvæmt fyrri opinberum samningum sem hafa leitt til riftunar á samningi, kröfu um skaðabætur eða annarra svipaðra viðurlaga.

0.2.15 Fyrirvari um óvirkni samnings og bótaskyldu verkkaupa

Kærunefnd útboðsmála getur, ef skilyrði óvirkni eru fyrir hendi, lýst samning óvirkan samkvæmt ákvæðum 115. gr. OIL en þó aðeins samning sem er yfir viðmiðunarfjárhæðum á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 4. mgr. 23. gr. OIL. Úrskurður um óvirkni samnings hefur þau áhrif að réttindi og skyldur samkvæmt aðalefni samnings falla niður. Óvirkni samnings skal takmörkuð við þær greiðslur sem enn hafa ekki farið fram. Að því er varðar greiðslur sem þegar hafa farið fram kveður kærunefnd á um önnur viðurlög skv. 118. gr. OIL. Sjá einnig 115. gr. OIL.

Verkkaupi vekur athygli á þessu og setur fram þann fyrirvara að verkkaupi áskilur sér rétt til að hafna öllum bótakröfum þegar hann í góðri trú gerir samning sem síðar er gerður óvirkur.

0.2.16 Persónuvernd

Þar sem einhver þeirra gagna sem óskað er eftir frá þjóðendum kunna að innihalda persónuupplýsingar skal það tekið fram að fyllsta öryggis er gætt við meðhöndlun og geymslu þeirra gagna. Enginn

Óviðkomandi mun hafa aðgang að þeim gögnum sem innihalda persónuupplýsingar og eru þær geymdar á tryggum stað.

Gögnin verða ekki afhent þriðja aðila né verða þau flutt út fyrir EES-svæðið. Upplýsingar um persónuverndarstefnu verkkaupa er að finna á heimasíðu Garðabæjar.

Verkkaupi hefur gert viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra upplýsinga/gagna sem verkkaupi fær aðgang að/afrit af og meðhöndlar þau gögn í samræmi við gildandi lög um persónuvernd hverju sinni.

Hinn skráði á rétt á að fara fram á það við ábyrgðaraðila (verkkaupa) að fá aðgang að persónuupplýsingum um sig, láta leiðrétta þær, takmarka vinnslu þeirra hvað hinn skráða varðar eða til að andmæla vinnslu.

Samningsaðilar bera ábyrgð skv. persónuverndarlögum nr. 90/2018 og geta ekki samið sig undan henni.

0.2.17 Trúnaður

Verkkaupa er óheimilt skv. 17. gr. OIL að láta af hendi viðkvæmar upplýsingar sem bjóðandi hefur lagt fram sem trúnaðarupplýsingar. Til slíkra upplýsinga geta talist upplýsingar um rekstur, sértækar tæknilausnir, einingarverð, fjárhagsmálefni og viðskipti og aðrar þær upplýsingar sem skaðað geta hagsmuni fyrirtækisins ef aðgangur er veittur að þeim.

Verkkaupa er heimilt að krefjast þess að fyrirtæki gæti trúnaðar um mikilvægar upplýsingar sem veittar eru meðan á innkaupaferli stendur.

Bjóðandi skal auðkenna sérstaklega þær upplýsingar í tilboði sem eru trúnaðarupplýsingar. Þetta hefur þó ekki áhrif á skyldu opinberra aðila til að leggja fram upplýsingar á grundvelli upplýsingalaga. Trúnaðarskyldan vikir ef önnur ákvæði laganna kveða á um að skylt sé að afhenda gögnin.

0.2.18 Leiðbeiningar um kæruleiðir

Í XI. og XII. kafla OIL er fjallað um kærunefnd útboðsmála og kæruleiðir. Þar kemur m.a. fram í 1. mgr. 106. gr. að kæra skuli borin skriflega undir kærunefndina innan 20 daga frá því að kærandi vissi eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. Kröfu um óvirkni samnings sé þó heimilt að bera undir nefndina innan 30 daga frá framangreindu tímamarki. Þó verður krafa um óvirkni samnings ekki höfð uppi þegar sex mánuðir eru liðnir frá gerð hans. Um fresti og upplýsingar sem eiga að koma fram í kæru vísast til 106. gr. OIL.

0.3 Kröfur til bjóðanda

Í þessum kafla er lýst kröfum til bjóðenda. Ef bjóðandi uppfyllir ekki allar hæfiskröfur útboðsins telst tilboð hans ógilt, sbr. 82. gr. OIL, og verður vísað frá.

Hæfi bjóðenda verður metið á grundvelli þeirra upplýsinga sem þeir senda inn með tilboðum sínum eða gögnum sem Garðabær hefur áskilið sér rétt til að óska eftir.

0.3.1. Byggt á getu annarra

Ef fyrirtæki byggir á getu annars aðila í samræmi við 76. gr. OIL, skal hæfislýsing bjóðanda einnig innihalda viðeigandi upplýsingar skv. 1. mgr. 73. gr. OIL, um þann aðila.

Fyrirtæki skal jafnframt sanna fyrir verkkaupa að það hafi tryggt sér tilgreinda aðstoð, t.d. með því að leggja fram skuldbindandi yfirlýsingu aðila um að hann muni annast verkið eða þjónustuna. Verkkaupi áskilur sér rétt til að krefjast þess að bjóðandi og viðkomandi aðili beri sameiginlega ábyrgð á efndum samnings, sbr. 3. mgr. 76. gr. OIL.

Byggi bjóðandi á getu annars fyrirtækis/fyrirtækja, skal það fyrirtæki/ þau fyrirtæki skila inn sömu upplýsingum og bjóðandi.

0.3.2. Útilokunarástæður bjóðanda

Bjóðandi sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir eftirtalin afbrot skal útilokaður frá þátttöku í innkaupaferli:

1. þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum,
2. spillingu,
3. sviksemi,
4. hryðjuverk eða brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi,
5. peningapvætti eða fjármögnun hryðjuverka,
6. barnaþrælkun eða annars konar mansal,

Skylda til að útiloka þátttakanda eða bjóðanda gildir einnig þegar einstaklingur, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir brot skv. 1. mgr., er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn viðkomandi fyrirtækis eða hefur heimild til fyrirvars, ákvörðunartöku eða yfirráða í því.

Þátttakandi eða bjóðandi skal útilokaður frá þátttöku í innkaupaferli hafi hann brotið gegn skyldum um greiðslu opinberra gjalda, lífeyrissjóðsiðgjalda eða annarra lögákveðinna gjalda og því hefur verið endanlega slegið föstu með ákvörðun dómstóls eða stjórnvalds þar sem bjóðandi er skráður eða í aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Bjóðandi skal skila inn vottorði þess efnis og má það ekki vera eldra en 3 mánaða.

Auk þess áskilur verkkaupi sér rétt til að útiloka fyrirtæki frá þátttöku í innkaupaferli ef aðrar ástæður til útilokunar sem tilgreindar eru í 68. gr. OIL eiga við um hann.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kalla hvenær sem er eftir frekari gögnum skv. 74. gr. OIL.

0.3.4 Fyrirtæki

Krafa	Staðfesting
Bjóðandi skal vera skráður í fyrirtækjaskrá. Sé fyrirtæki frá öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal sýna fram á fullnægjandi skráningu í heimaríki með vottorði.	Íslenskt fyrirtæki: Vottorð úr fyrirtækjaskrá. Erlend fyrirtæki: Sönnunargagn um að fyrirtækið sé skráð í fyrirtækjaskrá eða sambærilega skrá í því landi sem fyrirtækið er stofnað.

Kallað verður eftir gögnum til staðfestingar framangreindum kröfum eftir opnun tilboða, komi bjóðandi til greina.

0.3.5 Fjárhagsstaða bjóðanda

Fjárhagsstaða bjóðanda skal vera það trygg að hann geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart verkkaupa, sbr. 71. gr. OIL.

Krafa	Staðfesting
Eiginfjárhlutfall bjóðanda skal vera jákvætt	Áritaður ársreikningur til fyrirtækjaskrár vegna rekstrarársins 2020 eða 2021, eða sambærilegt sönnunargagn í því landi sem fyrirtækið er með starfsemi í.

Sé bjóðandi íslenskt félag skal leggja fram ársreikning á því formi sem fyrirtækjaskrá RSK gerir kröfu um, til staðfestingar á ofangreindum kröfum.

Kallað verður eftir gögnum til staðfestingar framangreindum kröfum eftir opnun tilboða, komi bjóðandi til greina.

0.3.6 Opinber gjöld

Bjóðandi skal vera í skilum með öll opinber gjöld, þar með talið skatt, virðisaukaskatt og lífeyrisskuldbindingar.

Krafa	Staðfesting
Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld.	Vottorð frá Ríkisskattstjóra ekki eldra en þriggja mánaða á opunardegi tilboða, eða sambærilegt sönnunargagn í því landi sem fyrirtækið er með starfsemi í.
Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrisskuldbindingar sínar.	Vottorð frá öllum viðeigandi lífeyrissjóðum, eða sambærilegt sönnunargagn í því landi sem fyrirtækið er með starfsemi í.

Kallað verður eftir gögnum til staðfestingar á framangreindum kröfum eftir opnun tilboða, komi bjóðandi til greina.

0.3.7 Umhverfismál

Garðabær leggur mikla áherslu á umhverfismál, sjá í þessu sambandi umhverfisstefnu Garðabæjar [Umhverfisstefna Gardabaejar 2017.pdf \(gardabaer.is\)](https://www.gardabaer.is/media/stefnur/Innkaupa-og-urgangsstefna_Grb_2019.pdf) og innkaupa- og úrgangsstefnu Garðabæjar https://www.gardabaer.is/media/stefnur/Innkaupa-og-urgangsstefna_Grb_2019.pdf.

Bjóðendur skulu taka tillit til krafna Garðabæjar í umhverfis- innkaupa og úrgangsmálum og bendir verkkaupi sérstaklega á þættina mengun, flokkun úrgangs, vistvænar byggingarvörur og kolefnisbindingu. Bjóðandi skal flokka allan úrgang í samræmi við flokkunarkerfi Garðabæjar eins og það er á hverjum tíma, jafnframt skal bjóðandi draga úr úrgangi eftir fremsta megni, t.d. með skynsamlegum innkaupum og endurnýtingu, svo sem mögulegt er. Jafnframt leggur Garðabær mikla áherslu á að minnka matarsóun og skal verktaki vera með virkt eftirlit með því að greina ástæður matarsóunnar með markmiði að reyna að minnka hana.

0.3.8 Faglegar upplýsingar frá bjóðenda

Bjóðandi skal leggja fram með tilboði sínu eftirfarandi:

Gögn	Staðfesting
Almennar upplýsingar um bjóðanda	Fylla skal út viðauka 1 – Almennar upplýsingar um bjóðanda.
Lýsing á gæðakerfi	Lýsing á gæðakerfi fyrirtækisins og gögnum er staðfesta að fyrirtækið og flutningsbílar sem eiga að flytja matinn séu með vottað og virkt GÁMES (innra eftirlit með haccap).
Rekstrarleyfi bjóðenda	Bjóðandi skal skila afritum að rekstrarleyfum sínum.
Sýnishorn af matseðlum	Sýnishorn af matseðlatímabili 8 vikur og skal það sett fram á þann hátt að það gefi mynd af fjölbreytileika í fæðutegundavali. Einnig skulu fylgja gögn er sýna reiknað næringarinnihald eða mæliniðurstöðu um næringarinnihald í viðmiðunarskammti fyrir þá mismunandi neytandahópa sem um ræðir. Tilgreina skal næringarinnihald fyrir hvern matarskammt og fyrir hvern dag fyrir það sýnishorns sem fylgja á tilboðsgögnum og á það að vera lýsandi fyrir það sem verða vill í raunveruleikanum, sjá nánari kröfur í kafla 1.12 <i>Samsetning fæðunnar</i> .
Vottun	Vottun viðurkenndra aðila varðandi innihaldslýsingu og næringarinnihald hráefnis og tilbúinna aðfanga.
Greinargerð um þjónustu	Bjóðandi skili greinargerð um það hvernig hann hyggst þjónusta verkefnið í samstarfi við nemendur, foreldra og starfsmenn skóla. Þar komi fram m.a. hvernig bjóðandi ætli að efla jákvæða matarmenningu og vitund um hollustu og matarsóun.
Skrá yfir sambærileg verkefni	Skrá yfir sambærileg verk, sem bjóðandi hefur unnið.
Skrá yfir búnað	Skrá yfir búnað, sem fyrirhugað er að nota við verkið. Verkkaupi skal eiga þess kost að skoða þann búnað, sem bjóðandi tilgreinir í tilboði sínu.
Ábyrðarmenn	Skrá yfir matreiðlumann eða matartæknir sem ber ábyrð á framleiðslu bjóðenda sem og nafn næringarfræðings sem er ráðgjafi bjóðenda.

Gögn skulu vera ítarleg og það nákvæm að hægt sé að staðfesta með þeim að bjóðandi uppfylli þær kröfur sem gerðar eru hér að neðan. Áskilur verkkaupi sér rétt til að sannreyna þær upplýsingar og skulu bjóðendur, í þeim tilvikum er frekari upplýsinga er óskað, tafarlaust veita umbeðnar upplýsingar sem málið varðar, ella áskilur verkkaupi sér rétt til að vísa tilboði frá.

0.3.9 Faglegar kröfur til bjóðenda

Í samræmi við lið 0.3.8 upplýsingar frá bjóðanda verður bjóðandi metinn faglega hæfur ef hann uppfyllir eftirfarandi:

- a. Bjóðandi hafi rekstarleyfi og hafi rekið fyrirtæki í sambærilegu rekstri, þ.e. framleiðsla og framreiðsla á mat í a.m.k 3.ár.
- b. Bjóðandi hafi og reki virkt gæðakerfi og geti sýnt fram á það með gögnum, s.s. innri og/eða ytri úttektum.
- c. Bjóðandi leggi fram matseðla fyrir 8 vikna tímabil með ítarlegum innihaldsupplýsingum sem uppfyllir kröfur útboðsgagna um fjölbreytilega og næringarinnihald.
- d. Bjóðandi leggi fram greinagerð um þjónustu þar sem fram kemur að lágmarki hvernig hann hyggst efla jákvæða matarmenningu og vitun um hollustu og matarsóun.
- e. Bjóðandi hafi a.m.k unnið a.m.k eitt verkefni að sambærilegu tagi og tilboð hans nær til
- f. Bjóðandi leggi fram lista yfir þann búnað sem hann hyggst nota við verkið.
- g. Bjóðandi hafi menntaðann matreiðslumann eða matarráð sem ber ábyrgð á framleiðslu bjóðenda
- h. Bjóðandi hafi aðgang að næringarfræðing sem vinnur náið með bjóðanda m.a. í gerð matseðla.

0.3.10 Áskilnaður um frekari upplýsingar um hæfi á síðari stigum

Verkkaupi áskilur sér rétt til að óska eftir frekari upplýsingum á síðari stigum til sönnunar á því að ekki séu fyrir hendi ástæður til útilokunar skv. VI. kafla OIL. Með framlagningu tilboðs í útboði þessu samþykkir bjóðandi að verkkaupi kanni hvort útilokunarástæður OIL eigi við um hann ef tilboð hans kemur til álita. Sem dæmi má nefna að bjóðendum kann að vera flett upp í Creditinfo. Bjóðandi samþykkir jafnframt að slík upplýsingaöflun kann að varða fyrirtækið sem um ræðir, eigendur þess og stjórnendur og fyrirtæki sem eru forverar þess, sbr. 7. mgr. 68. gr. OIL.

0.4 Valforsendur og val á tilboðum

Samið verður við lágstbjóðanda sem uppfyllir kröfur í samræmi við kafla 0.3 Kröfur til bjóðenda

0.5 Frávikstilboð

Ekki er heimilt að gera frávikstilboð.

1 Verklýsing

1.1 Almenn

Almennt hefur mataræði Íslendinga færst nær ráðleggingum um heilsusamlegt mataræði, þar sem neysla á harðri fitu hefur minnkað en neysla á grænmeti og ávöxtum hefur aukist.

Maturinn þarf ekki aðeins að vera bragðgóður og girnilegur, hann þarf einnig að vera hollur, næringarríkur og hæfilega saðsamur. Þó að næringarþarfir og aðstæður í hverju mötuneyti fyrir sig geti verið ólíkar er markmiðið að bjóða öllum viðskiptavinum mötuneytanna ljúffengan og heilnæman mat.

Helstu áherslur sem leitast er við að ná fram í þessu útboði eru:

- Góð þjónusta
- Ferskt hráefni
- Vandað framboð fjölbreytilegra rétta sem henta börnum á mismunandi aldri.
- Framleiðsla matarins skal vera í samræmi við ráðleggingar Embætti Landlæknis.

1.2 Verkefnið

Óskað er eftir tilboðum í framleiðslu og framreiðslu á mat fyrir nemendur í fimm grunnskólum í Garðabæ, þremur leikskólum og einum grunn og leikskóla

Nemendur í leikskólum sem eru í þessu útboði eru um 340 á aldrinum 12 mánaða-5 ára og nemendur í grunnskólum Garðabæjar eru um 2340 á aldrinum 6-15 ára. Boðið verður upp á heita máltíð í hádegi daglega í grunnskólum og 4 máltíðir í leikskólum. Verktaki kemur með hugmyndir að útfærslum á matseðlum sem eru eftirsóknarverðir og heilsusamlegir fyrir nemendur.

1.2.1 Skólarnir

Skólarnir eru:

Flataskóli með 370 nemendur í 1.-7. bekk og 17 börn í 5 ára deild, Garðaskóli með 610 nemendur í 8.-10. bekk, Hofstaðaskóli með 520 nemendur í 1.-7. Bekk, Álftanesskóli með 380 nemendur í 1. – 10. bekk, Sjólandsskóli með 250 nemendur í 1.- 10.bekk, Urriðholtsskóli með 190 nemendur í 1. – 10. bekk og 120 nemendur á leikskólastigi, Leikskólinn Mánahvoll með 112 börn Leikskólinn Sunnhvoll með 27 börn og Leikskólinn Bæjarból með 79 börn.

Gert er ráð fyrir að boðið sé upp tvo valkosti á heitum máltíðum í hádeginu auk meðlætisbar. Nemendur hafa val um fjölda vikudaga í áskrift. Í mötuneytum þeirra skóla sem hafa unglíngadeildir (Garðaskóli, Álftanesskóli, Sjólandsskóli og Urriðholtsskóli) þarf að bjóða uppá fleiri valkosti s.s.samlökur, mjólkurvörur og ávextir eða aðra heilsusamlega smárétti.

Verktaki útbýr nestispakka fyrir þá nemendur sem eru í fastri áskrift þá skóladaga sem nemendur eru fjarverandi á matartíma vegna vettvangsferða.

Verktaki er ábyrgur fyrir framreiðslu og afgreiðslu hádegisverðar og skal tryggja að mannaflí við afgreiðslu sé nægilegur svo ekki skapast biðraðir hjá nemendum.(1 starfsmaður á 120 nemendur). Stefnt er að því að nemendur geti skammtað sér sjálfir í umsjón verktaka.

1.3 Aðstaða

Framreiðsla hádegismatar til nemenda fer fram í matsal skólanna. Flataskóli er staðsettur við Vífilstaðaveg, Garðaskóli er við Vífilsstaðaveg, Hofstaðaskóli er við Skólabraut, Sjálandsskóli er við Löngulínu 8. Álftanesskóli er við Breiðumýri, Urriðaholtsskóli er við Vinastræti, framreiðsla á leikskólastigi fer fram inn á leikskóladeildum skólans, Leikskólinn Mánahvoll og Leikskólinn Sunnhvoll eru við Vífilsstaði og Leikskólinn Bæjarból við Bæjarbraut. Í öllum skólunum er matsalur og framreiðslueldhús. Listi yfir tæki í eldhúsi og mötuneytum er í Viðauka II.

Verkkaupi telur það kost að matur sé framleiddur á staðnum og er verktaki hvattur til að kynna sér aðstöðu á hverjum stað með það fyrir augum.

Ekki er heimilt að koma með full eldaðan mat í hvert mötuneyti fyrir sig. Hyggist verktaki framleiða matinn á staðnum skal hann leggja til nauðsynleg tæki til viðbótar sbr. lista yfir tæki í Viðauka II. Verktaki greiðir rafmagn til verkkaupa samkvæmt mæli. Eldhúsáhöld svo sem hnífar, bakkar, pottar, hnífabör og leirtau eru í eigu verkkaupa. Allt sem verktaka telur sig þurfa af eldhústækjum og tólum leggur hann til. Verktaki hefur val á að nota eigin eldhúsáhöld. Verktaki tekur við rafmagnstengdum eldunartækjum í núverandi ástandi sem hann skal kynna sér á tilboðsstigi og sér um að halda þeim við. Verkkaupi endurnýjar þessi eldunartæki, ef ástæða þykir til að mati verkkaupa. Verktaki tekur við húsnæðinu í því ástandi sem hann hefur kynnt sér nema annað sé tekið fram, breytingar sem verktaki telur nauðsynlegar á rými s.s. að færa eldhústæki er á eigin kostnað og skal bera undir verkkaupa.

Eldhús í mötuneytum leik- og grunnskóla eru ekki leigð út til annarra aðila en verktaka. Verktaki er ábyrgur fyrir öllum tækjum og tólum í mötuneytum.

Verkkaupi hefur aðgang að eldhúsi til síðdegishressinga og/eða annarar starfsemi, s.s stærri viðburða nemenda og starfsmanna, enda noti hann einungis sinn búnað. Ekki er leyfilegt að nota eldhús í mötuneytum skóla fyrir aðra starfsemi nema með leyfi verkkaupa. Telji verktaki umgengni verkkaupa eða aðila á hans vegum ekki nægjanlega góða skal hann samstundis koma athugasemdum á framfæri.

Verktaki sér um rafræna skráningu og vistun upplýsinga. Verktaki leggur til nettengda tölvu með tölulyklaborði og skjá vegna rafrænna upplýsinga við afgreiðslu á hádegismat.

1.3.1 Matsalir

Matsalur í Flataskóla er u.þ.b. 170 m² og tekur u.þ.b. 180 manns í sæti. Við matsal er framreiðslueldhús sem er u.þ.b. 60 m².

Matsalur Garðaskóla er u.þ.b. 120-160 m² og tekur u.þ.b. 100 manns í sæti. Við matsal er framreiðslueldhús sem er u.þ.b. 71 m².

Matsalur í Hofstaðaskóla er u.þ.b. 271 m² og tekur u.þ.b. 180 manns í sæti. Við matsal er framreiðslueldhús sem er u.þ.b. 27 m².

Matsalur í Sjálandsskóla er u.þ.b. 377 m² og tekur u.þ.b. 216 manns í sæti. Við matsal er framreiðslueldhús sem er u.þ.b. 80 m².

Matsalur í Álftanesskóla er u.þ.b. 160 m² og tekur u.þ.b. 100 manns í sæti. Við matsal er framreiðslueldhús sem er u.þ.b. 35 m².

Matsalur Urriðaholtsskóla er í byggingu og má gera ráð fyrir að hann verði um 350 m² og mun taka um rúmlega 200 í sæti. Við skólann verður framreiðslueldhús sem verður um 74 m². Skólárið 2022-23 verður bráðabirgða eldhús við skólann í færanlegum einingum, tengdu við skólahúsinæðið og grunnskólabörn matast á efri hæð í alrými sem tekur um 120-30 börn í sæti.

Ekki eru sérstaki matsalir í leikskólum heldur er borðað inn á deildum.

Listi yfir tæki í framreiðslueldhúsum allra skóla er í Viðauka II. Allt leirtau s.s. glös, hnífabör og önnur áhöld til framreiðslu hádegismatar í skólum er í eigu verkkaupa.

Allir ofangreindir matsalir eru fjölnota rými.

1.4 Hádegisverðartími

Hádegisverðartími í grunnskólunum er frá kl. 11:00 -13:00. Matmálstímar nemenda geta verið tví-eða þrískiptir í grunnskólunum. Í öllum mötuneytum er boðið er upp á heita máltíð á hverjum degi.

Hádegisverðartími í leikskólum er frá kl. 11:00 -13:00

1.5 Umfang

Fjöldi þeirra nemenda sem neyta matarins er ekki fyrirjáanlegur en fjöldi þeirra sem áttu kost á að kaupa sér hádegismat skólaárið 2021-2022 eru u.þ.b. 2340 nemendur

Fjöldi hádegismatarskammta voru framreiddir árið 2021: (sjá töflu hér fyrir neðan):

	ágú	sep	okt	nóv	Des	jan	feb	mar	
Alþjóðaskólinn	48	46	45	46	42	41	48	45	
Álftanesskóli	317	319	323	322	320	326	326	328	
Flataskóli	386	389	390	385	382	383	383	378	
Garðaskóli	292	298	308	312	305	312	309	311	
Hofsstaðaskóli	489	489	494	495	491	497	499	499	
Sjálandsskóli	199	200	200	203	200	203	209	207	
Urriðaholtsskóli	141	139	139	138	137	138	137	136	
Alls	1.872	1.880	1.899	1.901	1.877	1.900	1.911	1.904	

Alþjóðaskólinn er hluti af Sjálandsskóla

Þess til viðbótar eru eftirfarandi leikskólar:

Leikskólinn Mánahvoll sem verður 8 deildir og verður fullmannaður með 112 börnum en nú eru skólinn 4 deildir með 51 barni.

Leikskólinn Sunnhvoll er 2 deildir og 27 börn

Leikskólinn Bæjarból er 4 deildir með 79 börnum

Leikskólinn Urriðaholti verður 6 deildir með 120 börnum

1.6 Þrif

Verktaki sér um uppvas og öll þrif í eldhúsi, starfsmannarými og matsal eftir hverja máltíð. Verktaki skal sjá um að þurrka af innréttungum og tækjum í matsal, dagleg þrif á borðum, stólum og gólfum matsalar. Verktaki sér um þrif á hreinlætisaðstöðu og ræstikompu sem ætluð er fyrir mötuneytið og skal útvega nauðsynlega hluti s.s. sápu og hreinlætis pappír.

1.7 Framreiðsla

Starfsmenn skólans sjá um að setja upp matsalinn og aðstoða nemendur í matsal. Verktaki sér um allt annað sem snýr að skólamáltíðum s.s. að bæta á mat í skömmtunarbörð, tryggja að áhöld séu til staðar og skömmtun ef þannig háttar.

1.8 Meðferð matvæla.

Við framleiðslu og dreifingu matvæla skal gæta góðra framleiðsluhátta og fyllsta hreinlætis. Einungis má nota hráefni, aukaefni og önnur efni sem eru óspillt og hæf til vinnslu. Þau skal geyma við viðunandi aðstæður. Öll framleiðsla og dreifing matvæla skal fara þannig fram að ekki sé hætt á að þau óhreinist eða spillist, verði óhæf til neyslu, skorti eðlilega hollustu eða geti valdið heilsutjóni. Óheimilt er að dreifa matvælum sem ekki uppfylla þessi skilyrði. Við afgreiðslu fullframleiddrar, ópakkaðrar vöru skal nota tangir, spaða, skeiðar, gaffla eða annað, sem til þess er ætlað. Heimilt er þó að haga afgreiðslu grænmetis og ávaxta á annan hátt. Öll innihaldsefni og tilbúin matvæli skal geyma við

viðeigandi hitastig. Við tilbúning og aðra meðferð viðkvæmra matvæla skal gæta þess að hitastig sé þannig að það komi í veg fyrir fjölgun sýkla og myndun eiturefna. Hættuleg efni og efni sem ekki eru ætluð til neyslu skal merkja og geyma í sérstökum ílátum/gámum sem til þess eru ætluð.

Örverutegundir og fjöldi þeirra mega ekki vera ofan þeirra marka sem felast í viðmiðunarkröfum MATÍS. Farið skal eftir þeim fyrirmælum sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu(EFSA) hefur metið og viðurkennt að sé ekki skaðlegt heilsu fólks. Gæta skal sérstaklega að hreinlæti og góðum vinnubrögðum hvað varðar geymslu á matvælum.

Kælivörur skulu geymdar við hitastig frá 0 til 4 °C. Frystivörur skulu geymdar við hitastig frá -18 til -27 °C . Tilbúnaðar vörur skulu vera eins stuttan tíma og mögulegt er við kjörhitastig gerla og baktería. Varla þarf að geta þess að fjöldi þeirra er sækja mötuneytið fer að miklu leyti eftir þeim vörum sem í boði eru og hvernig þær höfða til viðskiptavinanna. Þannig er nauðsynlegt fyrir verktaka að vanda allan frágang og framsetningu matar svo að hann líti sem best út samkvæmt góðum venjum matreiðslumanna og samkvæmt fyrirfram gefinni lýsingu. Hitastig á heitum mat skal ekki vera undir 70 °C við framreiðslu, hitastig á köldum mat við framreiðslu skal vera milli 0-4 °C. Mikilvægt er að til séu nákvæmar innihaldslýsingar ásamt upplýsingum um næringargildi máltíða. Slíkar upplýsingar skulu vera til staðar á aðgengilegum stað í mötuneytinu.

Matreiðslumaður eða matartæknir skal starfa við verkefnið. Nauðsynlegt er að næringarfræðingur fari yfir matseðla og sé í samstarfi við verktaka um hönnun matseðla.

1.9 *Fatnaður starfsfólks og hreinlæti.*

Klæðnaður starfsfólks við framreiðslu og í eldhúsi á vera samkvæmt góðum og gildum venjum s.s., hvít svunta og viðeigandi buxur ásamt skófatnaði. Þeir sem vinna við matvæli beint eða óbeint skulu gæta fyllsta hreinlætis og klæðast hreinum og hentugum klæðnaði og hlífðarfatnaði þar sem það á við. Eftirlitsaðili/verkkaupi getur fyrirskipað notkun hlífðarfatnaðar og samþykkir gerð og umfang hans, s.s. efni, liti, höfuðbúnað, skófatnað, einnota búnað og annað. Sá sem vitað er eða grunur leikur á að sé smitberi eða með smitandi sjúkdóm sem gæti dreifst með matvælum eða hann er með opið sár, smitandi húðsjúkdóm, fleiður, hálsbólgu eða niðurgang, má ekki vinna þar sem matvæli eru meðhöndluð. Forráðamenn matvælafyrirtækja skulu við ráðningu starfsfólks bera ábyrgð á að það framvísi læknisvottorði (ekki eldra en 7 daga) og síðan árlega eða oftár ef þurfa þykir.

Eftirlitsaðili skal hafa aðgang að læknisvottorðum og getur jafnframt krafist reglulegra heilsufarsskoðana starfsfólks. Notkun alls tóbaks þ.m.t veip og munntóbak er óheimil í rými þar sem meðferð óvarinna matvæla eða umbúða á sér stað. Starfsfólk skal ekki nota sama klæðnað við þrif á hreinlætisaðstöðu og ræstikompu og notaður er við framreiðslu matar nema tryggt sé að sá klæðnaður verði þveginnt að loknum þrifum.

1.10 *Innra eftirlit.*

Nauðsynlegt verður að telja að eftirlit sé haft með rekstri og framleiðslu með tilliti til gæða vörunnar sem verið er að framleiða. Í reglugerðum um innra eftirlit í matvælafyrirtækjum er það talið vera sá þáttur sem skila á mestum árangri í fækkun áhættuþátta innan fyrirtækja. Hér er um að ræða eðlis-, efna- eða örverufræðilega þætti í framleiðslu, dreifingafæri eða öðru sem getur valdið heilsutjóni ef ekki er viðhaft sérstakt eftirlit. Sérstakar aðferðir hafa verið þróaðar svo koma megi í veg fyrir heilsutjón af þessum sökum, meðal annars s.k. HACCP aðferð (Hazard Analysis Critical Points (á ísl. GÁMES-greining áhættuþátta og mikilvægra eftirlitsstaða).

Verktaki afhendi verkkaupa afrit af gæðabók sinni þar sem hann skýrir frá áætluðu skipulagi á rekstrinum t.a.m. hvernig staðið verður að dreifingu matvæla, námskeiðsáætlanir fyrir starfsfólk og öðru er tengist innra eftirliti.

1.11 *Umhverfissjónarmið*

Gerðar eru kröfur til samningsaðila um að umbúðir sem notaðar eru til að taka mat úr mótuneyti séu umhverfisvænar. Þegar valið er þvottaefni sem að notuð eru í eldhúsi skal fremur velja viðurkenndar „umhverfisvænar“ vörur en þær sem valda meiri skaða á umhverfinu. Ekki skal nota einnota glös, diska, og hnífapör í mótuneytum.

1.12 Samsetning fæðunnar

Við matseðlagerð skal miða samsetningu fæðunnar, mataræði og næringargildi við markmið sem sett hafa verið af landlæknisembættinu, sjá handbók Landlæknisembættisins um grunnskólamötuneyti (5. útg. 2020) og handbók fyrir leikskólaeldhús (3.útg 2018).

Verktaki skal vera tilbúinn að bjóða upp á sérþæði fyrir nemendur sem af heilsufarslegum orsökum gætu þurft á því að halda vegna t.d. ofnæmis eða efnaskiptasjúkdóma. Hver skólastjóri ber ábyrgð á að kynna þetta fyrir foreldrum. Er það á ábyrgð foreldra að koma þessum upplýsingum til verktaka og skal fylgja læknisvottorð þessu til staðfestingar.

Matseðlar skulu vera þannig fram settir að auðvelt sé að átta sig á matreiðsluaðferð og innihaldi. Allt meðlæti og matreiðsluaðferð þeirra skal tilgreint í matseðli.

Gera þarf sér matseðla fyrir leikskóla og aðra fyrir grunnskóla.

Við hönnun matseðla og matseld þarf að velja hráefnið vel.

Með matseðlum sem skilað er inn með tilboðum skal vera meðalútreikningur fyrir hvern dag á næringargildi hádegismáltíða fyrir kolvetni (auk upplýsinga um magn af viðbættum sykri), prótein, fitu, járn, kalk, A,D, og C vítamínum ásamt vottuðum gögnum um salt, trefjar, joð og fituinnihald hráefnis og aðfanga.

Verktaki veitir verkkaupa upplýsingar um gæðaeftirlit og innihaldslýsingar fæðis og hvernig markmiðum og viðmiðum Embættis landlæknis er framfylgt.

Bera skal fram vatn með öllum máltíðum.

Nestisþakkar vegna vettvangsferða sem fara fram yfir venjulega hádegisverðartíma innhalda smurt trefjaríkt brauð með hollu áleggi, léttmjólk og ávöxt. Miðað skal við tvær samlokur á nemanda. Kostur er að geta brugðist skjótt við óskum um nesti þar sem vettvangsferðir er oft háðar veðri.

1.13 Aðrar veitingar

Í mótuneyti Garðaskóla, Álftanesskóla, Sjúlandskóla og Urriðaholtsskóla verður einnig boðið upp á aðrar vörur. Þær vörur sem óskað er eftir að séu í boði eru ýmiss konar léttar lítt sykraðar mjólkurvörur, ávextir, grænmeti, hreinir ávaxtadrykkir (100% hreinir safar) og ýmiss konar brauð. Leitað er eftir að bjóðandi sýni frumkvæði í að bjóða upp á heilsusamlegar vörur og koma með nýjungar. Á tilboðsblaði skal gefa upp verð á vörutegundum. Bjóðanda kemur með tillögu að vörutegundum til að bjóða upp á og skal það vera tilgreint á tilboðsblaði. Samráð skal haft við skólastjóra og tengil á fræðslu- og menningarsviði Garðabæjar um tilboð til nemenda.

1.14 Áskriftarkerfi - geiðslur

Garðabær hefur niðurgreitt hluta að verði máltíða fyrir þá nemendur sem búa í Garðabæ en upphæð þeirra niðurgreiðsla er ákveðin á hverju ári og getur tekið breytingum. Þannig sendir verktaki í lok mánaðar einn reikning á Garðabæ sem greiddur er eigi síðar en 25 dögum næsta mánaðar

Verktaki skal koma upp áskriftarkerfi fyrir grunnskólamáltíðir þar sem nemendur hafa val um að skráð sig í mat og greiða fyrir sinn hluta af matarverði. Þannig skulu matseðlar liggja fyrir þannig að nemendur geti valið áskrift byggða á fyrirbyggjandi matseðlum. Garðabær greiðir að fullu fyrir leikskólamáltíðir. Rétt er að taka fram að sumir nemendur fá ekki niðurgreiðslu á mat s.s þeir nemendur sem ekki búa í Garðabæ og mun verkkaupi upplýsa verktaka um það.

Máltíðir barna og nemenda í grunnskólum verða pantaðar fyrir hvern mánuð að lágmarki einn mánuð fram í tímann.

Starfsmenn verktaka sjá um að senda út tilkynningar og eyðublöð til barna og nemenda sem eru í fastri áskrift að hádegismat einn mánuð í senn og halda utan um skráningu.

Áskrift skal þannig útfærð að nemendur geti valið daga sem þeir eru í áskrift.

Mikilvægt er að verktaki skal upplýsa foreldra og skjólastjóra ef loka þarf á áskrift áður en afgreiðsla á mat er stöðvuð hjá viðkomandi nemenda.

1.15 Starfsdagar og vettvangsferðir skólanna

Verktaki byggir afgreiðslu og innheimtu á mat á fyrirliggjandi staðfestu skóladagatali fyrir leik- og grunnskóla Garðabæjar fyrir hvert skólaár sjá fylgigögn.

Máltíðir eru seldar frá fyrsta skóladegi eftir skólasetningu og til síðasta skóladags fyrir skólaslit. Auk þess þarf verktaki að sjá leikskólum fyrir hádegisverði yfir allt árið en leikskólar eru ávallt opnir nema á sameiginlegum starfsdögum.

Einnig eru nemendur í 1.bekk með sumarfrístund í 5-7 dögum fyrir skólasetningu. Innheimta skal sérstaklega fyrir mat þessa daga og er niðurgreiðsla á þeim e.t.v. önnur en niðurgreiðsla almennra máltíða.

Verktaki útbýr nestispakka fyrir þá nemendur sem eru í fastri áskrift þá skóladaga sem nemendur eru fjarverandi á matartíma vegna vettvangsferða.

Það er á ábyrgð skólastjóra viðkomandi leik- og grunnskóla að upplýsa verktaka um öll frávik frá reglulegri afgreiðslu á hádegismat. Tilkynning um slíkt skal send verktaka samkvæmt samkomulagi milli verktaka og skólastjóra.

1.16 Starfsmannahald

Verksvið starfsfólks verktaka er að elda og framreiða matarveitingar. Önnur störf eru þrif í eldhúsi, starfsmannarými og matsal eftir hverja máltíð. Verktaki skal sjá um þrif á leirtaui, að þurrka af innréttingum og tækjum í matsal, dagleg þrif á borðum, stólum og gólfum matsalar. Verktaki sér um þrif á hreinlætisaðstöðu og ræstikompu sem ætluð er fyrir mötuneytið. Vegna eðlis starfseminnar eru allar ráðningar starfsfólks háðar samþykki verkkaupa. Verktaki þarf að framvísa sakavottorði fyrir alla starfsmenn sem starfa í mötuneytum skóla sbr. 36. grein í lögum um vernd barna og unglinga nr. 80/2002 og 11. grein í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari tíma breytingum.

Nauðsynlegt er að fjöldi starfsmanna við framreiðslu og skömmtun matar sé nægilegur svo ekki skapist biðraðir hjá nemendum. Nauðsynlegt er að það sé a.m.k einn starfsmaður fyrir hverja 120 nemendur í skóla.

1.17 Breytingar verkefna og ný verkefni

Verkkaupa er heimilt að óska eftir breytingum á verkefninu og skulu aðilar semja sérstaklega um breytingar og greiðslur vegna þeirra áður en þær koma til framkvæmda. Allar óskir um breytingar, ný verkefni eða niðurfellingu verkefna, skulu aðilar tilkynna skriflega með hæfilegum fyrirvara í samræmi við eðli verkefnisins. Á sama hátt er verktaka heimilt að óska breytinga, svo fremi að þær hafi engin áhrif á starfsemi verkkaupa. Samningur um breytingar, ný verkefni eða niðurfellingu verkefna skal vera skriflegur og undirritaður af samningsaðilum.

1.18 Eftirlit og þjónustukannanir

Verkkaupi áskilur sér rétt til að skipa eftirlitsaðila með framkvæmd verksins hvenær sem er á samningstímanum. Hann skal hafa óheftan aðgang að allri aðstöðu verktaka þar sem unnið er fyrir verkkaupa, fari verktaki ekki eftir tilmælum eftirlitsaðila vegna vanefnda er eftirlitsaðila skylt að senda skriflega athugasemd til verktaka um hvers eðlis vanefndin sé og tímamörk á lagfæringu. Skólastjóri er tengiliður við verktaka varðandi daglega framkvæmd.

Gert er ráð fyrir að eftirlitsaðili framkvæmi fyrirvaralaust eftirlit með rekstri mötuneyta a.m.k. einu sinni á ári, þar sem farið er yfir hvort farið sé eftir kröfum í útboðsgögnum sem og tilboði bjóðanda.

Atriði sem koma til skoðunar eru m.a. fatnaður starfsfólks mötuneyta, framsetning matar, hreinlæti við matargerð og aðstöðu, vörutalning á borðbúnaði, og samsetning matseðla.

Gert er ráð fyrir því að verktaki geri þjónustukönnun a.m.k. einu sinni á ári, að höfðu samráði við verkkaupa, þar sem könnuð er þjónusta og gæði starfseminnar og hádegismatarins og hversu vel komið er til móts við þarfir nemenda.

1.19 Samráðsfundir

Gert er ráð fyrir að halda samráðsfund ársfjórðungslega (4 x ári), þar sem verktaki hvers mötuneytis og skólastjóri fara yfir reksturinn og til að fara yfir framkvæmd samnings. Skólastjóri boðar á þessa fundi þá ráðgjafa sem hann velur hverju sinni s.s næringarráðgjafa sem og mögulega fulltrúa nemenda.

1.20 Notkun mötuneyta

Mötuneytin verða rekin hvert á sínum stað í núverandi mynd eða saman. Verktaka verður ekki heimil önnur notkun á eldhúsi eða söllum en sú sem fram fer samkvæmt þessu útboði, nema með skriflegu samþykki verkkaupa.

1.21 Sorphirða

Sorphirða skal vera á kostnað verktaka.

1.22 Skil á aðstöðu og búnaði

Verktaki ber alla ábyrgð á tækjum og búnaði sem verkkaupi leggur til. Verktaki tekur við þessum búnaði þegar hann hefur störf og sér um að halda tækjum við. Í lok samningstímans ber verktaka að skila þeim í sama ástandi og hann tók við þeim.

Fyrir undirritun samnings skal verktaki í samráði við verkkaupa athuga og yfirfara allan búnað og tækjakost sem verkkaupi leggur til. Útbúin verður skrá þar sem m.a. koma fram upplýsingar um fjölda og ástand tækja og búnaðar. Skrá þessi verður fylgiskjal samnings. Við samningslok skal verktaki skila verkkaupa sambærilegum búnaði og tækjum, sem verða þá metin á sama hátt og í verkbyrjun að teknu tilliti til eðlilegs slits.

Verktaki skal viðhalda borðbúnaði: diskum, glösum, hnífapörum og bæta við ef afföll þeirra verða yfir 10%. Einnig skal verktaki gæta þess að hafa ætíð hreinan og snyrtilegan borðbúnað, ekki glös og diska sem kvarnast hefur úr, rispuð glös og ósamstæð eða merkt ákveðnum fyrirtækjum eða ákveðinni vöru.

1.23 Tilboðsblöð

Tilboðsblöð eru þrjá síður. Tilboð í hádegisverði, tilboð í aðrar vörur og upplýsingar um bjóðendur og undirskrift.

Bjóðandi getur valið að bjóða í einn eða fleiri skóla en hann skal ávallt skrá allar upplýsingar um aðrar vörur og upplýsingar um bjóðendur og undirskrift.

2 Samningsskilmálar

2.1 Samningur

Verði tilboð valið skal gera skriflegan samning við bjóðanda. Drög að slíkum samningi er að finna í viðauka III. Með framlagningu tilboðs samþykkir bjóðandi samningsskilmála viðaukans

Útboðsgögn, þ.m.t. viðaukar, svör við fyrirspurnum og athugasemdum til bjóðenda á tilboðstíma og tilboð bjóðanda er hluti af samningi aðila. Stangist texti samningsgagna á við lög, vikur samningstextinn.

2.2 Samningstími

Samningurinn gildir í þrjú ár og verður uppsegjanlegur í samræmi við ákvæði OIL.

2.3 Samskipti á samningstíma

Verkkaupi skipar fulltrúa sinn til að annast samskipti við verktaka á samningstímanum. Hlutverk hans er að hafa eftirlit með því, fyrir hönd verkkaupa, að verkefnið sé framkvæmt samkvæmt ákvæðum samnings.

Verktaki skal í tilboði tilgreina þá starfsmenn sem munu sinna þjónustu við verkkaupa skv. samningnum. Verktaka er skylt að leita fyrirfram samþykkis verkkaupa vegna breytinga á starfsmönnum sem sinna verkinu á gildistíma samningsins og geta jafnframt sýnt fram á að þeir fullnægi kröfum útboðsskilmálanna.

2.4 Öryggi á vinnustað og heilbrigðismál

Verktaki skal útbúa öryggis- og heilbrigðisáætlun til samþykktar áður en verksamningur er undirritaður og verður öryggis- og heilbrigðisáætlunin hluti verksamningsgagna.

2.5 Greiðslur

Verktaki skal koma upp áskriftarkerfi þar sem nemendur geta skráð sig í mat og greitt fyrir mat. Verktaki skal upplýsa foreldra og skjólastjóra ef loka þarf á áskrift áður en afgreiðsla á mat er stöðvuð hjá viðkomandi nemenda.

2.6 Verðbætur

Samningsverð verðbætist 1. janúar ár hvert og helst óbreytt þess á milli. Grunnvísitala tilboðs er vísitala neysluverðs í mars 2022 útgefin af Hagstofu Íslands og er 528,8 stig.

2.7 Vanefndir og uppsögn samnings

Verktaki skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við samþykkt tilboð og skilmála útboðs/samnings. Verði verkkaupi fyrir tjóni af völdum vanefnda verktaka er verktaki að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa.

Vanefndir verktaka veita verkkaupa heimild til að fella niður greiðslur, krefjast afsláttar eða beita öðrum vanefndarúrræðum fjármunaréttar.

Verði um ítrekaðar eða verulegar vanefndir af hálfu verktaka að ræða getur verkkaupi rift samningi án fyrirvara.

Leiti verktaki nauðasamninga eða greiðslustöðvunar, verði hann úrskurðaður gjaldþrota eða árangurslaust fjárnám gert í búi hans, er verkkaupa heimilt án fyrirvara að segja samningi upp.

Verkkaupa er heimilt, án bóta, að segja upp samningi einhliða í heild eða að hluta meðan á gildistíma hans stendur við þær aðstæður sem kveðið er á um í 91. gr. OIL.

Að öðru leyti fer um heimildir aðila til beitingar vanefndaúrræða eftir almennum reglum fjármunaréttarins.

2.8 Starfskjör

Verktaki skal tryggja og bera ábyrgð á að allir starfsmenn hans sem koma að framkvæmd samningsins fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi, í samræmi við samninginn, gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni, á samningstímanum.

2.9 Endurskoðunarákvæði – breytingar á samningstíma

Verkkaupi áskilur sér rétt til að gera breytingar á samningi á samningstímanum að því marki sem slíkt er heimilt samkvæmt 90. gr. OIL.

2.10 Ábyrgð og tryggingar

Verktaki ber ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þ.m.t. verkum undirverktaka, sé um þá að ræða, og auk þess því tjóni er verkkaupi eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess.

Verktaki skal kaupa allar tryggingar vegna starfsmanna sinna í samræmi við ákvæði kjarasamninga. Ennfremur skal verktaki vera með ábyrgðartryggingu, sem tekur jafnframt til þriðja aðila, sem tryggir hann gegn tjónum sem hann kann að valda. Verktaki skal afhenda verkkaupa staðfest afrit af ábyrgðartryggingu við undirritun samnings og á samningstíma ef verkkaupi kallar eftir slíku afriti.

Verktaki skal vera með allar þær tryggingar sem íslensk lög og reglur kveða á um varðandi starfsemi verktaka, og skulu þær vera í gildi. Fari verkkaupi fram á að verktaki færi sönnur á að umræddar tryggingar séu til staðar ber verktaka að hlíta því.

Verkkaupi leggur ekki fram sérstakar tryggingar vegna samningsins.

2.11 Framsal á réttindum og skyldum

Verktaka er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum án skriflegs samþykkis verkkaupa.

Verktaka er óheimilt, án skriflegs samþykkis verkkaupa, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Ef verktaki fær slíka heimild breytast í engu skyldur verktaka gagnvart verkkaupa.

Verkkaupi áskilur sér rétt í samræmi við 90. gr. OIL, að heimila öðru fyrirtæki að ganga inn í stöðu upphaflegs samningsaðila við framkvæmd samnings þessa í heild eða að hluta og skal þá nýr samningsaðili uppfylla allar hæfiskröfur útboðsins.

2.12 Ágreiningsmál

Mál sem kunna að rísa út af viðskiptum þeim sem útboð þetta nær til, skal vísa til Héraðsdóms Reykjaness.

3 Tilboðsblöð

(1 af 4)

Fylgigögn með tilboði sjá nánar kafla 0.3.8:

	Fylgiskjöl nr:
Almennar upplýsingar um bjóðenda	_____
Rekstarleyfi bjóðenda	_____
Sýnishorn af matseðlum fyrir leikskóla með útreikningum á næringarinnihaldi ofl.	_____
Sýnishorn af matseðlum fyrir grunnskóla með útreikningum á næringarinnihaldi ofl.	_____
Vottun viðurkenndra aðila varðandi innihaldslýsingu og næringarinnihald hráefnis og tilbúinna aðfanga.	_____
Greinagerð um þjónustu.	_____
Skrá yfir sambærileg verkefni	_____
Skrá yfir búnað	_____
Ábyrgðarmenn	_____

Athugið!

Vanti tilskilin fylgigögn áskilur Garðabær sér rétt til þess að vísa tilboði frá

Tilboðsblað (2 af 4)

Undirritaður hefur kynnt sér rækilega útboðsgögn og gerir eftirfarandi tilboð í samræmi við þau.

Almennar upplýsingar um bjóðanda og upplýsingar sem varða verkefnið samanber kafla 1.5 fylgja tilboðinu.

Bjóða má í einn eða fleiri skóla/leikskóla en þeir sem bjóða í Urriðaholtsskóla skulu bjóða í bæði leikskóla og grunnskóla.

Tilboð í hádegisverð/máltíðir		áætlaður		Verð
Nr.	Skóli	Magn	Einingaverð	kr.
1.	Hádegismáltíð í Flataskóla,	310	* _____	= _____
2.	Hádegismáltíð í Garðaskóla	490	* _____	= _____
3.	Hádegismáltíð í Sjálandsskóla	415	* _____	= _____
4.	Hádegismáltíð í Hofsstaðaskóla	300	* _____	= _____
5.	Hádegismáltíð í Álftanesskóla	200	* _____	= _____
6.	Urriðaholtsskóli			
6.1.	Hádegismáltíð í Urriðaholtsskóla	150	* _____	= _____
6.2.	Máltíðir í Leikskóla Urriðaholtsskóla	120	* _____	= _____
			Samtals fyrir Urriðaholtsskóla	_____
7.	Máltíðir í Leikskólanum Mánahvol	60	* _____	= _____
8.	Máltíðir í Leikskólanum Sunnuhvol	27	* _____	= _____
9.	Máltíðir í Leikskólanum Bæjarból	79	* _____	= _____

Afsláttur ef samið verður við verktaka um 6 eða fleiri skóla

Afsláttarprósenta _____%.

Einingaverð skal vera verð fyrir einn hádegisverð / eina máltíð án vsk.

Máltíðir í leikskólum innifela: Morgunhressingu - ávaxtastund - hádegisverð – síðdegishressingu

Magntölur eru settar fram til samanburða á tilboðum og til ákvörðunar áhagstæðustu tilboðum.

Ákvörðun um samningsaðila ræðst af hagstæðustu heildarsamsetningu tilboða að teknu tilliti til mögulegra afslátta.

Við opnun tilboða verða lesin upp verð fyrir hvern skóla og afsláttarprósenta.

Tilboðsblað (4 af 4)

Upplýsingar um bjóðanda og undirskrift:

Nafn bjóðanda / nöfn bjóðenda	
Kennitala	
Heimilisfang	
Sími	
Fax	
Tölvupóstfang	
Tengiliður varðandi tilboð	
<u>Staður og dagsetning tilboðs</u>	
Undirskrift bjóðanda/enda	

4 Viðauki I – Almennar upplýsingar um bjóðanda

Almennar upplýsingar	
1 Nafn	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
2 Kennitala	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
3 Lögheimili	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
4 Símanúmer	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
5 Netfang	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
6 Vefsíða	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
7 Tegund fyrirtækis	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
8 Nafn tengiliðar við þetta útbóð	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
9 Stofndagur	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
10 Nöfn eigenda og stjórnarmanna	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
Nafn og staða:	
Nafn og staða:	
Nafn og staða:	
Nafn og staða:	
Nafn og staða:	
11 Nöfn stjórnenda	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
Nafn og staða:	
Nafn og staða:	
Nafn og staða:	
Nafn og staða:	
Nafn og staða:	
12 Fjöldi starfsmanna	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
13 Menntun/reynsla lykilstarfsmanna	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
Nafn, menntun og reynsla:	
Nafn, menntun og reynsla:	
Nafn, menntun og reynsla:	
Nafn, menntun og reynsla:	
Nafn, menntun og reynsla:	
14 Upplýsingar um gæðastefnu og/eða gæðavottanir	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
15 Meginhlutverk fyrirtækisins	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
16 Meginstarfsemi fyrirtækisins	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
17 Ársvelta	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
18 Skipurit	Sjá meðfylgjandi <input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei

5 Viðauki II - Listi yfir tæki og áhöld sem verða í eldhúsum skólanna

Flataskóli

Eldhús:

- Uppþvottavél m/tilheyrandi borðum og hillu
- Vagnar fyrir þvottakörfur 3 stk. m/körfum fyrir borðbúnað o.fl.
- Gufusteikingarofn 10 hillu m/10 stk. GN grindum & 10 stk. GN ofnskúffum
- Eldavél, 2 hellur
- Háfur yfir eldunartækjum
- Hitavagnar 2 stk. Til flutnings og skömmtunar á heitum og köldum mat.
- Kæliklefi,
- Curver ruslafata á hjólum m/loki, 1 stk.
- Blanco 2ja hillu vagn stál, 2 stk.

Matsalur:

- 14 borð með 12 sætum hvert

Garðaskóli

Eldhús:

- Uppþvottavél m/tilheyrandi borðum og hillu
- Vagnar fyrir þvottakörfur 6 stk. m/körfum fyrir borðbúnað o.fl.
- Gufusteikingarofn 10 hillu m/10 stk. GN grindum & 10 stk. GN ofnskúffum
- Háfur yfir eldunartækjum
- Afgreiðslulína fyrir sjálfsskömmtun: kælt afgreiðsluborð, hitaborð, diskaskammtari fyrir 100 diska og aukaborð (fyrir hnífapör, sósur o.fl.)
- Kæliklefi
- Frístandandi frystiskápur
- Blanco 2ja hillu vagn stál, 1 stk.

Matsalur:

- Sæti fyrir 300 nemendur

Hofsstaðaskóli

Eldhús:

- Upppvottavél m/tilheyrandi borðum, grindum og hillum
- Eldavél, 1 stór hella
- 1 stk. Gufusteikingarofn 10 hillu m/10 stk. GN grindum & 10 stk. GN ofnskúffum í mismunandi stærðum
- Háfur yfir eldunartækjum
- Kæliklefi
- Frystiskápur
- 2 stk. Stálvagnar á hjólum fyrir diska
- Ruslafötur 10 stk. Nokkrar á hjólum
- Vagnar fyrir þvottagrindur 4 stk. Háar m/körfum fyrir glös/borðbúnað o.fl.

Matsalur:

- 16 borð með 12 sætum hvert

Sjálundsskóli

Eldhús:

- Upppvottavél m/tilheyrandi borðum og hillu
- Vagnar fyrir þvottakörfur 3 stk. m/körfum fyrir borðbúnað o.fl.
- Gufusteikingarofn 10 hillu m/10 stk. GN grindum & 10 stk. GN ofnskúffum
- Eldavél, 2 hellur
- Háfur yfir eldunartækjum
- Hitavagnar 1 stk. Til flutnings og skömmtunar á heitum og köldum mat.
- Kæliklefi,
- Curver ruslafata á hjólum m/loki, 1 stk.
- Blanco 3ja hillu vagn stál, 2 stk.

Matsalur:

- Sæti fyrir 180 nemendur

Álftanesskóli

Eldhús:

- Uppþvottavél m/tilheyrandi borðum og hillu
- Gufusteikingarofn x2 stk. 11 hillu m/10 stk. GN grindum & 10 stk. GN ofnskúffum
- Eldavél, 2 hellur
- Hitavagnar 2 stk. Til flutnings og skömmtunar á heitum og köldum mat.
- Kæliklefi,
- Curver ruslafata á hjólum m/loki, 1 stk (lífrænt)
- Vagnar fyrir leirtau 3 stk. m/körfum fyrir borðbúnað (2 plast & 1 stál.)
- Háfur yfir eldunartækjum
- 4 stálrekkar/háir undir leirtau þar af einn með hnífaparagrindum.
- 4 vagnar undir diska
- Blanco 3ja hillu vagn stál, 2 stk.
- Hitaskápur

Matsalur:

- Sæti fyrir 144 nemendur

Urriðaholtsskóli og -leikskóli

Eldhús:

- Uppþvottavél m/tilheyrandi borðum og hillu
- Vagnar fyrir þvottakörfur 2 stk. m/körfum fyrir borðbúnað o.fl.
- Opnar hillur fyrir borðbúnað og hnífapör
- Gufusteikingarofn 2x 10 hillu m/10 stk. GN grindum & 10 stk. GN ofnskúffum
- Háfur yfir eldunartækjum
- Tveir stórir kælikápar og frystikista
- Curver ruslafata á hjólum m/loki, 1 stk.
- Blanco 3ja hillu vagn stál, 3 stk.
- Minni vagnar 3ja hillu fyrir leikskóladeildir 10 stk

Matsalur:

- Sæti fyrir 120 nemendur
- Matast á deildum í leikskólanum

Leikskólinn Mánahvöll

Eldhús:

- Uppþvottavél m/tilheyrandi borðum og hillu
- 1 vagn fyrir grindur úr uppþvottavélinni.
- 2 Ísskápar
- 1 Frystiskápur
- 5 matarvagnar m/körfum fyrir borðbúnað o.fl.
- Gufusteikingarofn 10 hillu, 10 stk bakkar og grindur
- Eldavél, 4 hellur
- Háfur yfir eldunartækjum
- Einn vagn fyrir grindur úr þvottavél
- 1 lítil vagn til að fara m.a. út með ruslið
- 4 plast ruslatunnur

Matsalur:

- Matast á deildum

Leikskólinn Sunnuhvöll

Eldhús:

- Tveir matarvagnar sem fara inn á deildar
- Gufusteikingarofn með þremur hillum, fimm ofnskúffur,
- Eldavélarhellur með tveim hellum
- Háfur yfir ofni
- Ísskápur
- Örbylgjuofn
- Uppþvottavél og fimm grindur í hana
- Hjólavagn undir uppþvottavélagrindur
- Hrærivél
- matvinnsluvél

Matsalur:

- Matast á deildum

<u>Leikskólinn Bæjarból</u>

Eldhús:

- Uppvottavél m/tilheyrandi borðum og grindum
- Þriggja hillu litlir vagnar, 4 stk. m/kössum fyrir hnífapör og fötum fyrir lífrænt rusl, Notaðir til að fara með mat inn á deildar.
- Opnar hillur fyrir borðbúnað
- Lokaður skápur beint fyrir utan eldhúsið fyrir diska, glös og tuskur
- 2 Gufusteikingarofnar með rými fyrir 7 grindur
- Gastro bakkar fyrir ofninn, 2x djúpir, 2x millidjúpir, 9 x grunnir
- Eldavél, fjórar hellur
- Háfur yfir eldunartækjum
- Tveir stórir kælikápar og einn frystiskápur
- Ruslagrind á hjólum 1 stk.
- 20 lítra hrærivél á borði með hjólum.
- Færanlegt vinnuborð, stál - 3ja hillu
- Færanlegt vinnuborð – stál eyja
- 2 Mjólkurkælar frá MS fyrir 10 lítra mjólkur kassa hvor – léttmjólk og nýmjólk

Matsalur:

- Matast á deildum

6 Viðauki III - Drög að verksamningi

Skólamálsverðir í grunn- og leikskólum Garðabæjar 2022-2025

1. gr.

Samningsaðilar

Verkkaupi:	Garðabær	Verktaki:
Kennitala:	570169-6109	Kennitala:
Heimilisfang:	Garðatorg 7, 210 Gb.	Heimilisfang:
Sími:	525 8500	Sími:
Netfang:	gardabaer@gardabaer.is	Netfang:

2. gr.

Lýsing

Samningur þessi er gerður á grundvelli útboðsgagna „Skólamálsverðir í grunn- og leikskólum Garðabæjar 2022-2025 “ og tilboði verktaka dags. dd/mm/2022, ásamt fylgigögnum.

3. gr.

Samningsgögn

1. Samningur þessi.
2. Möguleg gögn sem verða til eða lögð fram á samningstíma.
3. Tilboð verktaka, dagsett XX.YY.2022, ásamt fylgigögnum.
4. Útboðsgögn dagsett mars. 2022 er bera nafnið „Skólamálsverðir í grunn- og leikskólum Garðabæjar 2022-2025 “.
5. Viðaukar við útboðsgögn, gefin út á tilboðstíma.
6. IST 30

Framkvæmd samningsins skal vera í samræmi við ofangreind gögn sem eru hluti samnings þessa. Komi upp misræmi milli gagna gilda þau sem eru ofar í upptalningunni.

4.gr.

Samningstími

Sjá útboðsgögn.

5. gr.

Samningsfjárhæð

Sjá tilboð verktaka og útboðsgögn.

6. gr.

Frumrit samnings

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.

7. gr.

Verðbreytingar

Sjá útboðsgögn.

*8. gr.
Ábyrgð og tryggingar*

Sjá útboðsgögn.

*10. gr.
Framsal réttinda*

Verktaka er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum, nema með samþykki verkkaupa.

*11. gr.
Ágreiningsmál*

Málum sem kunna að rísa út af samningi þessum skal vísa til Héraðsdóms Reykjaness.

Staður og dagsetning: _____

F.h. verkkaupa:

F.h. verktaka:

Vottar: _____ kt. _____

_____ kt. _____

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 S	1 M	1 F	1 M	1 M Fullveldisdagurinn	1 L Nýársdagur	1 Þ	1 Þ Sprengj dagur	1 F	1 S Verkalyósdagurinn	1 M Vorferð 10. bekkjar
2 M Fridagur verslunarmanna	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 M Samráðsdagur heimila og skóla	2 M Óskudagur	2 L	2 M	2 F Vorferð 10. bekkjar
3 Þ	3 F	3 S	3 M Gagn og gaman	3 F	3 M Kennsla hefst	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 F Vorferð 10. bekkjar
4 M	4 L	4 M	4 F Gagn og gaman	4 L	4 Þ	4 F Dagur stærðfræðinnar	4 F	4 M	4 M	4 L
5 F	5 S	5 Þ	5 F Gagn og aaman	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 F	5 S Hvítasunnudagur
6 F	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F Þrettándinn	6 S Dagur leikskólans	6 S	6 M	6 F	6 M Annar í Hvítasunnu
7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 M	7 M	7 F	7 L	7 Þ Hellsueflingardagur
8 S	8 M Dagur læsis	8 F	8 M Baráttudagur gegn einelti	8 M	8 L	8 Þ	8 Þ Samr.pr. 9.b.isl	8 F	8 S	8 M Skólaslit
9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M Samr.pr. 9.b.stæ	9 L	9 M	9 F Skipulagsdagur 7/8
10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 F Samr.pr. 9.b.ens	10 S Pálmasunnudagur	10 Þ	10 F Skipulagsdagur 8/8
11 M	11 L	11 M	11 F Afmæli Garðaskóla	11 L	11 Þ Skipl.d. GS 3/5 LS 3/4	11 F	11 F	11 M	11 M	11 L
12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 L	12 L	12 Þ Páskaleyfi	12 F	12 S Sjömannadagurinn
13 F	13 M	13 M Forvarnarvika	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F	13 M
14 L	14 Þ	14 F Forvarnarvika	14 S	14 Þ	14 F	14 M	14 M	14 F Skírdagur	14 L	14 Þ
15 S	15 M Skipl.d. GS 1/5 LS 1/4	15 F Forvarnarvika	15 M	15 M	15 L	15 Þ	15 Þ	15 F Föstudagurinn langi	15 S	15 M
16 M Skipulagsdagur 1/8	16 F Dagur íslenskrar náttúru	16 L	16 Þ Dagur íslenskrar tungu	16 F Jafnréttisþing Garðaskóla	16 S	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F
17 Þ Skipulagsdagur 2/8	17 F	17 S	17 M	17 F Læsisdagur	17 M	17 F	17 F	17 S Páskadagur	17 Þ	17 F Lýðveldisdagurinn
18 M Skipulagsdagur 3/8	18 L	18 M Forvarnarvika	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 F	18 M Annar í páskum	18 M	18 L
19 F Skipulagsdagur 4/8	19 S	19 Þ Forvarnarvika	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S
20 F Skipulagsdagur 5/8	20 M	20 M	20 L Dagur mannréttinda barna	20 M Jólaskemmtanir	20 F	20 S Konudagur	20 S	20 M	20 F	20 M
21 L	21 Þ	21 F Samráðsdagur heimila og skóla	21 S	21 Þ Jólaleyfi	21 F Bóndadagur	21 M	21 M	21 F Sumardagurinn fyrsti	21 L	21 Þ
22 S	22 M	22 F Menntadagur Skipl.d. GS 2/5 LS 2/4	22 M	22 M	22 L	22 Þ	22 Þ	22 F	22 S	22 M
23 M Skipulagsdagur 6/8	23 F	23 L Fyrsti vetrardagur	23 Þ	23 F Þorláksmessa	23 S	23 M Vetrarleyfi	23 M	23 L	23 M Vorpróf	23 F
24 Þ Skólasetning	24 F	24 S	24 M	24 F Aðfangadagur jóla	24 M	24 F	24 F	24 S	24 Þ Vorpróf	24 F
25 M	25 L	25 M	25 F	25 L Jólalagur	25 Þ	25 F Skipulagsdagur GS 4/5*	25 F	25 M Umhverfisdagur/vika (25-29.4)	25 M Vorpróf	25 L
26 F	26 S Evrópski tungumáladagurinn	26 Þ	26 F	26 S Annar í jólum	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 F Uppstigningardagur	26 S
27 F	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F Skipl.d. GS 5/5 LS 4/4	27 M
28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ Jólaleyfi	28 F	28 M Bolludagur	28 M	28 F	28 L	28 Þ
29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L		29 Þ	29 F	29 S	29 M
30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 S		30 M	30 L	30 M	30 F
31 Þ		31 S 43486		31 F Gamlársdagur 43487	31 M		31 F		31 Þ 43486	

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda í grunnskólum vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir skipulags dagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm í grunnskóla og fjórir í leikskóla. Tillögur um dagsetningu þessara daga skulu lagðar fram af skólastjórum í samráði við kennara, með hliðsjón af kjarasamningum og samþykktir af skólanefnd. Undirbúningstímar kennara í grunnskóla utan starfstíma nemenda eru 8.